

Nd.

24. Frumvarp

til laga um bókhald.

Flm.: Jónas Þorbergsson.

1. gr.

Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga, með þeim undantekningum, sem um getur í 3. gr.

2. gr.

1. Kaupmenn, en kaupmaður er hver sá talinn í þessum lögum, sem hefir atvinnu af því að selja vörur, verðbréf og hverskonar lausafé eða fasteignir, sem hann hefir í því skyni keypt.
2. Hlutafélög öll, kaupfélög, pöntunarfélög og samvinnufélög.
3. Bankar, sparisjóðir, vixlarar og váttryggingarfélög.
4. Umboðssalar, farandsalar, mat-, gisti- og veitingasalar, brytar, lyfsalar, forleggjarar, blaðaútgefendur.

5. Þeir, sem reka iðn eða iðju, þar með taldir gas- og vatnsinnlagningarmenn, rafmagnsvirkjar, bakarar, klæðskerar, rakarar, gosdrykkja- og ölgerðarmenn, rekendur hárgreiðslustofa, lýsis- og sildarbræðslna, þvotta- og baðhúsa, rjómaþúsa, ishúsa, vatns- og rafmagnsveitna.
6. Þeir, sem reka útgerð til fiskveiða, manna- og vöruflutninga og fiskverkun.
7. Vöru- og skipamiðlarar, afgreiðslumenn skipa og þeir, sem hafa atvinnu af að geyma vörur fyrir aðra.
8. Þeir, sem hafa atvinnu af rekstri bifreiða til mann- eða vöruflutninga.
9. Rekendur kvikmyndahúsa, leikhúsa, hringleikhúsa (cirkus) og fjölleikhúsa (varieté).
10. Þeir, sem taka að sér að flytja mál fyrir dómstólum eða gegna öðrum málaflutningsmannsstörfum.
11. Húsameistarar, verkfræðingar og aðrir, er taka að sér að reisa hús og gera önnur mannvirki, eða gegna öðrum húsameistara- og verkfræðingastörfum.
12. Þeir, sem hafa atvinnu af því að lána öðrum fé.
13. Þeir, sem hafa atvinnu af að sjá um jarðarfarir.

Læknum í kaupstöðum, er reka sjálfstæða atvinnu, svo og prestum í kaupstöðum er skylt að halda sjóðbók.

3. gr.

Undanskildir bókhaldsskyldu eru þó þeir, er hér greinir:

1. Mat- og veitingasali, sem að staðaldri rekur fyrirtæki með aðstoð konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri, og bryti, sem ekki rekur sjálfstæða atvinnu.
2. Handiðnaðarmaður, sem að staðaldri aðeins selur handavinnu sjálfs sín, konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri.
3. Útgerðarmenn, einn eða fleiri, er reka fiskiveiðar eða mann- og vöruflutninga á 2 bátum eða færri, undir 12 smál. brúttó hvor, eða aðeins einu skipi undir 20 smál. brúttó.
4. Sá, sem rekur fiskverkun með konu sinni, börnum innan 16 ára aldurs og fjórum mönnum öðrum eða færri.
5. Þeir, sem eigi reka fleiri en tvær bifreiðar til mann- eða vöruflutninga.
6. Þeir byggingarmeistarar, málaflutningsmenn og verkfræðingar, sem ekki reka sjálfstæða atvinnu.

4. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt 2. og 3. gr., skulu hafa tvöfalt bókhald, en þessu ákvæði er fullnægt með færslu þeirra bóka og yfirlitsreikninga, sem um getur í 5.—8. gr.

Lögreglustjórum er þó heimilt að veita smáatvinnurekendum, sem ekki falla undir ákvæði 3. greinar þessara laga, undanþágu til allt að 5 ára í senn frá því að færa bækur sínar eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu. Þeir, sem undanþágu beiðast, skulu færa gild rök fyrir því, að það sé þeim, einhverra hluta vegna, um megn að færa tvöfalt bókhald. Einkum á þetta ákvæði við um þá,

sem þegar hafa byrjað atvinnurekstur, er lög þessi öðlast gildi. Bókhaldi þeirra, sem undanþágu fá, skal þó vera þannig fyrir komið, að það gefi greinilegar upplýsingar um fjárhag þeirra.

5. gr.

Frumbækur.

Í þær séu færð öll viðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega jafnskjótt og þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttakið vöru er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn), og sömu-leiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og ennfremur verð hennar.

Í verzlunarviðskiptum skal samrit af færslu frumbókar jafnan látið viðskiptavini í té, í hvert sinn er einhver viðskipti fara fram bóklega, nemi þau meiru en 2 krónum.

6. gr.

Sjóðbók.

Í hana séu færðar allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færist sérstaklega, þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Ennfremur er stærri fyrirtækjum leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skyld er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum. Fylgiskjöl öll með sjóðgreiðslum séu tölusettt og til þeirra vísað í sjóðbókinni eða sjóðdagbókinni eða undirbókum þeirra, og þau síðan geymd í rétttri töluröð.

Ennfremur sé í sjóðbók vísað til mótfærslna eða tilsvarendi færslna öðrum bókum (t. d. viðskiptamannabók, sjá 7. gr., aðalbók, sjá 8. gr., frumbókum o. s. frv.).

Sjóðbók skal vera innbundin og tölusettt.

Undirbækur við sjóðbók mega vera lausblaðabækur.

7. gr.

Viðskiptamannabók.

Í henni skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau, er hönd selur hendi. Í bókina skulu viðskipti þau, sem færð eru í frumbækurnar, skráð á sama hátt og þar, eða samanlagðar fjárhæðir þær í krónum og aurum, er úttekt eða innlegg nemur í hvert sinn samkvæmt frumbókunum. — Þó er leyfilegt, sé um úttekt að ræða, sem samið er um, að greiða skuli að fullu viku- eða mánaðarlega, að færa í viðskiptabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefir numið um vikuna eða mánuðinn samkv. frumbókunum, ennfremur að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti.

Við færslu á viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarendi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, aðalbók, frumbókum o. s. frv.).

Nota má lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur, en þó því aðeins, að þá sé færður sameiginlegur viðskiptareikningur fyrir alla viðskiptamenn, er reikning hafa í viðskiptamannabók, í aðalbók, dagbók eða sjóðdagbók (sjá 8. gr.). Í reikning þennan má færa úttekt og innlegg viðskiptamanna samandregið eftir frumbókunum og öðrum bókum, enda sé vísað til þeirra til sönnunar færslunum.

8. gr.

Skylt er að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga um reksturinn:

1. Reikning(a), er sýni brúttótekjur (t. d. í verzlunum reikningur yfir keyptar og seldar vörur, í framleiðslufyrirtækjum reikningur yfir seldar afurðir o. s. frv.).
2. Reikning(a), er sýni rekstrarkostnað.
3. Reikning(a), er sýni víxlaviðskipti (víxlareikning, accept-reikning).
4. Reikning(a), er sýni framlög og úttekt eiganda (eigenda) til og frá fyrirtækinu í peningum eða öðrum verðmætum.
5. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugar notkunar við reksturinn.
6. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru nauðsynlegir til þess, að því grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu verði fylgt, að hver fjárhæð sé færð á tveimur stöðum.

Reikningar þessir skulu færðir í sérstakri tölusettri, bundinni bók, aðalbók, dagbók, eða í sjóðbók, sem þá nefnist sjóðdagbók. Við færslu í reikninga þessa sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarendi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, viðskiptamannabók, frumbókum o. s. frv.).

9. gr.

Allir þeir, sem bókbaldsskyldir eru samkv. lögum þessum, eru skyldir að gera yfirlit um efnahag sinn (efnahagsreikning) einu sinni á hverju almanaksári, ásamt yfirlitsreikningi um reksturinn á undanfarandi reikningsári.

Í Reykjavík séu reikningar þessir fullgerðir og undirskrifaðir 1 mánuði eftir loks reikningsársins, en annarsstaðar á landinu 2 mánuðum. Lögreglustjórum er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef brýnar ástæður eru fyrir hendi, en þó sé reikningsuppgærd ætíð lokið 3 mánuðum eftir lok reikningsárs.

Reikningarnir séu færðir í sérstaka löggilta bók, efnahagsbók, í sjóðdagbók eða aðalbók, ef þær eru löggiltar.

Við samning reikninganna sé til sönnunar vísað til bóka þeirra, sem færðar eru.

10. gr.

Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeiganda, eins og þær eru í lok reikningsársins.

Eignir ber að tilfæra með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra.

Óvissar kröfur séu tilfærðar með nafnverði, og síðan í sjálfum efnahagsreikningnum gerður frádráttur fyrir þeirri fjárhæð, sem sýnt þykir, að eigi muni greiðast. Kröfur, sem fyrndar eru að lögum, má eigi tilfæra sem eignir á efnahagsreikningi.

11. gr.

Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eignum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, ennfremur allar ábyrgðir, er hann hefir tekizt á hendur fyrir aðra.

12. gr.

Sjálfráðir eru menn, hverjar bækur þeir færa aðrar en þær, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum.

13. gr.

Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum — aðrar en frumbækur — með blýanti. Ennfremur eigi skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefir verið í þær skráð, eða rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritazt af vangá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn er ritað, skal annaðhvort leiðrétta það með annari innfærslu, er komi til jafnaðar annarsvegar við það, er ofritað var hinsvegar, eða bæti því við, er vanritazt hafði, eða þá þannig, að strika út það, sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það, er út var strikað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spássíu, eftir því sem bezt hentar.

Eigi má rifa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnum bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum.

14. gr.

Skylt er hverjum bókhaldsskyldum að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og ennfremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann ritar og sendir öðrum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum.

15. gr.

Allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf þau og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, séu geymdar í 10 ár frá því síðast er ritað í bækurnar, og bréfin eða símskeytin móttekin eða send.

16. gr.

Nú er skuldar krafizt innan þriggja missira frá því er hún varð til, og skal þá það, sem skráð er í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum

þessum, hafa það sönnunargildi, ef bækurnar eru vel og skipulega ritaðar, og engin atvik liggja til, þau er gera bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í þeim stendur, ef aðili sá, er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður, eða að hann getur ekki eiðinn unnið sakir vitfirringar eða þvíumliks, og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni fyrirtækisins heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum, eða eiði þess manns, er í bækurnar hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missa bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, það sérstaka sönnunargildi, er þeim er veitt samkvæmt þessari grein, þó aðeins gagnvart skiptavinum, sem sjálfir eru ekki bókhaldsskyldir; en í viðskiptum milli bókhaldsskyldra halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests þess, er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar bókhaldsskyldir, og stendur sín innfærsla um sama efnið í bókum hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

Nú er fjárhæð færð í fleiri bækur en eina hjá sama manni (fyrirtæki) og bókunum ber eigi saman, þá skal innfærslan eigi hafa sérstakt sönnunargildi.

17. gr.

Sé að áliti lögreglustjóra ástæða til að ætla, að einhver hlíti eigi ákvæðum þessara laga um bókhald, er honum heimilt að rannsaka eða láta rannsaka bókhald hlutaðeiganda, og reynist bókhaldið eigi lögum þessum samkvæmt, má ákveða hlutaðeiganda dagsektir, allt að kr. 25.00, unz hann hefir komið því i lag.

18. gr.

Brot gegn 5. gr. varðar sektum, kr. 5.00—200.00.

19. gr.

Brot gegn 4. gr. og 6.—9. gr. varðar sektum, kr. 10.00—1000.00. Kveði svo mikið að brotinu gegn greinum þessum, að bókfærslan geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, þannig að eigi sjáist, hversu rekstur fyrirtækisins gengur, hvernig efnum þess er varið eða hvernig hagur atvinnurekandans stendur, varðar það auk sekta missi atvinnurekstrarleyfis eða stöðvun atvinnurekstrar um stundarsakir eða til fulls eftir atvikum.

20. gr.

Brot gegn 1., 11. og 13.—15. gr. varða sektum samkvæmt 19. gr. Sé um fölsun verzlunarbóka að ræða, eða geri einhver í sviksamlegum tilgangi rangan efnahagsreikning, eða eyðileggi eða skjóti undan bókum þeim og skjölum, sem um getur í 14. og 15. gr., varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru.

21. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almennt lögreglumál.

22. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 53, 11. júlí 1911, um verzlunarbækur, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bág við þessi lög.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem borið er fram að tilhlutun dómsmálaráðuneytisins, hefir á tveimur þingum, þ. e. þinginu 1930 og á vetrarþinginu 1931, verið borið fram í efri deild að tilhlutun þess ráðuneytis. Í bæði skiptin hefir frumvarpið verið afgreitt frá efri deild, en eigi hlotið afgreiðslu í neðri deild. Er frumvarpið nú borið fram eins og það var samþykkt af efri deild á vetrarþinginu 1931, og er það með smábreytingum einum frá því, sem það var upphaflega.

Þegar frumvarpið var borið fram á þinginu 1930 fylgdi því svohljóðandi greinargerð og fylgiskjöl:

„Núgildandi lög um verzlunarbækur eru nr. 53 frá 1911, og er ætlað til, að frumvarp þetta komi í þeirra stað.

Það hefir nú um skeið verið ljóst, að lög þessi eru mjög ófullkomin, enda er slíkt að vonum, þar sem viðskipti öll og atvinnurekstur í landinu hefir tekið gagngerðum breytingum síðan þau voru samin. Sú breyting, sem mestu varðar í þessum efnum, er aukin notkun lánsfjár til hverskonar atvinnurekstrar. Má svo að orði kveða, að flest atvinnufyrirtæki byggist nú á stórfelldum lánnum og gagnkvæmri tiltrú.

Aukin lánsfjárnotkun hefir haft í för með sér fjölgun tækifæra til margskonar fjársvika og óráðvandlegrar meðferðar á annara fé. Á síðasta þingi voru sett ný lög um gjaldþrotaskipti. Voru þar lögfest margskonar nýmæli, sem gengu í þá átt, að vernda rétt lánardrottinna. Mun mega fullyrða, að einn hinn mesti þrándur í götu við framkvæmd laga þessara er ófullnægjandi bókhald þeirra, sem lánsfé nota til atvinnurekstrar síns. Þótt fyrirmælum núgildandi laga um bókhald sé hlýtt til fulls, er það hinum mestu erfiðleikum bundið að rekja til hlitar rekstur fyrirtækjanna og komast að niðurstöðu um, hvernig fjármunum þeim, sem þau hafa haft til notkunar, hefir verið varið. En það hlýtur að verða krafa lánardrottinna, að með lögum sé fyrirskipað svo fullkomið bókhald, að hvenær sem er sé hægt að sjá, hvernig hag fyrirtækjanna er varið og hvernig þau hafa ráðstafað því fé, sem þeim hefir verið trúað fyrir.

Síðan fyrrnefnd lög voru sett hefir Alþingi samþykkt lög um tekju- og eignarskatt. Samkvæmt þeim fara greiðslur manna til opinberra þarfa mjög eftir tekjum og eignum, en til þess að unnt sé að ákveða gjöld þessi réttilega,

þurfa að liggja fyrir ábyggilegar upplýsingar frá hverjum einstökum um þessi efni. Það mun hafa komið mjög berlega í ljós, að upplýsingum er mjög áfátt um þessi atriði hjá mörgum þeim, sem reka verzlun eða aðra atvinnu, sem krefur reikningsfærslu, og það jafnvel þótt viðkomandi hafi fært lögskipaðar bækur á réttan hátt.

Orsökina til þessa er að finna í því, að ekki er í núgildandi bókhaldslögum skipað fyrir um færslu neinna yfirlitsreikninga um rekstur fyrirtækjanna. Er úr þessu bætt í frv., svo sem nánar er rætt í athugasemdum við 4. gr.

Siðast en eigi sízt ber að minnst þeirrar nauðsynjar, sem hverjum atvinnurekanda er á því að fylgjast með rekstri sínum og allri fjárhagsafkomu. En fullyrða má, að slíkt sé eigi kleift fyrir þá, sem hafa mikið fé til notkunar við atvinnu sína, nema með því að færa glögg og gott bókhald. Fjöldi atvinnurekanda mun þegar hafa skilið þessa nauðsyn, og færa bókhald sitt þannig, að þeir geta til fulls fylgzt með rekstri fyrirtækjanna, og munu þar á meðal ýmsir, sem eigi eru bókhaldsskyldir samkvæmt núgildandi lögum. Þó munu margir láta sér nægja að færa aðeins þær bækur, sem lögboðnar eru nú, og hefir reynslan sýnt, eins og að framan er drepið á, að mörgum þeirra hefir reynzt því nær ókleift að komast að rétttri niðurstöðu um rekstur sinn.

Má því fullyrða, að verði frumvarp þetta að lögum, mun það styðja mjög að meiri gætni í atvinnurekstri og viðskiptum allskonar en ríkt hefir nú undanfarið. Má í mörgum dæmum rekja ófarnað manna í viðskiptum til þess, hve illa þeir hafa fylgzt með atvinnurekstri sínum. Er ekkert ráð til við slíku annað en glögg reikningsfærsla, sem hvenær sem er gefur fullkomnar upplýsingar um rekstur viðkomanda og afkomu alla.

Við samning frv. þessa er að nokkru stuðzt við erlend lög um sama efni, aðallega sænsk, sem öðluðust gildi 1. jan. þ. á.

Í frv. eru allmörg nýmæli, og mun þeirra getið í athugasemdunum um einstakar greinar, er hér fara á eftir.

Um 1.—3. gr.

Í núgildandi lögum er ákvæðið um bókhaldsskyldu bundið við atvinnurekstrarleyfi. Eigi þótti fært að fylgja þessu grundvallaratriði í frumvarpinu, þar sem vitanlegt er, að fjöldi atvinnufyrirtækja og einstakir menn hafa mikið fjármagn til notkunar við atvinnurekstur sinn, þótt eigi þurfi þeir að leysa slík leyfisbréf. Hefir því sú stefna verið tekin upp, að skylda þá til að færa bækur, sem líklegt þykir, að noti til muna lánsfé við rekstur fyrirtækjanna, og ennfremur þá, sem sýnt þykir, að eigi muni geta komizt að niðurstöðu um tekjur sínar og gjöld nema með færslu bóka. Hafa ákvæðin í grein þessari verið sniðin mjög eftir sænsku lögunum, sem að framan getur.

Um 4. gr.

Eins og drepið hefir verið á hér að framan, er einn höfuðgalli núgildandi bókhaldslaga sá, að eigi er skipað fyrir um færslu yfirlitsreikninga um rekstur fyrirtækjanna. Ef eigi eru færðar aðrar bækur en þær, sem lög mæla

fyrir um, verður bókhaldið mjög ófullkomið og óglögg til eftirlits, niðurstöður ótryggar og litt ábyggilegar. Virðist svo sem úr þessu verði ekki bætt nema með lögskipun tvöfalds bókhalds, og er ákvæði um það tekið inn í grein þessa. Nauðsyn yfirlitsreikninganna gerir ákvæði þetta óhjákvæmilegt, því með færslu þeirra verður bókhaldið tvöfalt (sjá 8. gr.). Eigi þykir rétt að lögbjóða eitt sérstakt kerfi bókhalds, þar sem sitt hentar hverjum í því efni. Er því tekin upp sú aðferð að skipa ákveðið fyrir um þær bækur, sem sameiginlegar verða hjá öllum fyrirtækjum, og síðan um færslu yfirlitsreikninga (sjá 8. gr.), en mönnum jafnframt í sjálfsvald sett, hversu þeir skipa þeim niður í bækurnar. Af þessu leiðir, að ákvæðum frumvarpsins er hægt að fullnægja með færslu hvaða tvöfalds bókfærslukerfis sem er.

Eitt grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu er, að hver fjárhæð færist tvisvar. Af þessu leiðir, að hægt er hvenær sem er að sannprófa, hvort bækurnar eru rétt færðar. Ennfremur gefur þetta atriði tryggingu fyrir réttum niðurstöðum, og er það hið mesta hagræði fyrir hlutaðeigendur. Ýmsir, sem ókunnir eru málavöxtum, álíta, að miklu meiri vinna sé við færslu tvöfalds bókhalds en þess, sem nefnt er einfalt og fullnægjandi er samkvæmt núgildandi lögum. Gætir hér nokkurs misskilnings. Ef tvöfalt bókhald er fært á haganlegan hátt, er vinnuaukningin hverfandi í samanburði við mismun þann, sem verður á árangrinum af færslu þess annarsvegar og einfalda bókhaldsins hinsvegar. Sé fært einfalt bókhald, getur atvinnurekandinn, ef um veruleg viðskipti er að ræða, alls eigi komið að niðurstöðu um rekstur sinn, nema með því að „gera upp“ allar bækur sínar, og þar sem slíkt kostar ærna vinnu, er það eigi að öllum jafnaði gert nema einu sinni á ári. Sé tvöfalt bókhald fært á réttan hátt, getur atvinnurekandinn ætíð fylgzt með í rekstri fyrirtækisins, og leiðir það af færslu yfirlitsreikninganna. Er rétt að benda á í þessu sambandi, að haganlegasta fyrirkomulag fyrir flesta atvinnurekendur mun að færa yfirlitsreikninga þá, sem um getur í 8. gr., í sjálfri sjóðbókinni, sem þá nefnist sjóðdagbók samkv. frumv. (dálkakerfið). Verður þá sú eina bók nægileg til fullnægingar ákvæðum frumvarpsins, sé eigi um nein lánsviðskipti að ræða, ella verða ennfremur að færast frumbækur og viðskiptamannabók (sjá 5. og 6. gr.).

Um 5. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 2. gr. núgildandi laga.

Frumbækur þær, sem um ræðir í greininni, eru jafnnauðsynlegar kaupanda og seljanda. Samritið, sem viðskiptavinur fær hjá atvinnurekanda, gerir honum unnt að fylgjast með viðskiptum sínum. Atvinnurekanda eru bækur þessar nær ómissandi til notkunar við samdrátt undir innfærslu í aðrar bækur og yfirlitsreikninga (t. d. viðskiptamannabók, vörureikning o. s. frv.).

Um 6. gr.

Í grein þessari eru engin veruleg nýmæli. Samkvæmt núgildandi lögum er fyrirskipuð færsla sjóðbókar. Er fyrirmælin um færslu bókarinnar aðeins nokkru ítarlegri hér. Nauðsynlegt þykir að leyfa færslu undirbóka fyrir sjóðgreiðslu, en jafnframt að skipa fyrir um innfærslu niðurstöðutalna

þeirra daglega inn í sjálfa sjóðbókina, til þess að í henni sé ætíð unnt að fá fullt yfirlit um öll peningaviðskipti.

Um 7. gr.

Viðskiptamannabók sú, sem um ræðir í þessari grein, notast að mestu á sama hátt og höfuðbókin, sem fyrirskipuð er í nügildandi lögum. Þó eru í grein þessari tvenn mikilsverð nýmæli, sem ganga í þá átt að gera mönnum léttara fyrir um færslu bókarinnar.

Hið fyrra er um færslu úttektar þeirrar, er samið er um greiðslu á viku- eða mánaðarlega. Samkvæmt nügildandi lögum er skylt að færa í höfuðbók (= viðskiptamannabók) niðurstöðutölur hverrar frumbókarnótu. Erfiðleikar á að fylgja þessu ákvæði hafa komið greinilega í ljós, einkum í Reykjavík, þar sem ofanefnd viku- og mánaðarviðskipti eru mjög algeng. Er því með ákvæðum greinar þessarar leyft að færa í einni fjárhæð í viðskiptamannabókina viku- eða mánaðarúttekt þeirra, sem samninga hafa svo sem að framan getur. Ennfremur er leyfilegt að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabókinni fyrir þá, sem aðeins hafa slík samningsviðskipti. Verður heimild þessi til hins mesta verksparnaðar við færslu þessara viðskipta, án þess þó að rýra í nokkru trygginguna, sem lánardrottnum á að vera í bókhaldi skuldunauta, eða gagn það, sem atvinnurekanda sjálfum er að bókhaldinu.

Hið síðara nýmæli er heimildin til þess að nota lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur.

Notkun lausblaðabóka ryður sér nú mjög til rúms til mikils verksparnaðar við reikningsfærslu. En jafnframt því, sem í lögum er gert ráð fyrir notkun þeirra, verður til tryggingar að setja ákvæði um, að í einhverri innbundinni lögskipaðri bók sé færður reikningur yfir öll þau viðskipti, sem tilfærð eru í lausblaðabækur, þar sem ætíð er nokkur hætt á, að blöð týnist úr bókum þessum.

Um 8. gr.

Eins og um hefir verið getið í athugasemd við 4. gr., er hér um algert nýmæli að ræða með fyrirskipun færslu yfirlitsreikninga þessara, og er í því fólgin höfuðbreytingin frá fyrirmælum nügildandi laga. Nægir að vísa til athugasemda við sömu grein um skýringu á nauðsyn reikninganna og ástæður fyrir því, að eigi er í frumvarpinu skipað nákvæmlega fyrir um, í hvaða bókum þeir skuli færðir.

Um 9. gr.

Fyrirmæli greinar þessarar um samning rekstrarreiknings er nýmæli, sem er bein afleiðing af ákvæðinu um tvöfalda bókfærslu, og hefir það eigi í för með sér aukna fyrirhöfn. Ákvæði greinarinnar um það, hvenær reikningsuppgerð skuli lokið, er í samræmi við ákvæði skattalöggjafarinnar um sama efni.

Um 10. gr.

Nauðsynlegt þótti að setja ákvæði um, hvernig samningi efnahagsreiknings skyldi hagað í höfuðatriðum.

Um 11. gr.

Ákvæði greinar þessarar er sett með tilliti til þess, að fullkomið yfirlit um hag hlutaðeiganda sé eigi fengið nema þessar upplýsingar séu fyrir hendi. Eru fyrirmæli þessi sniðin að mestu eftir sænsku lögunum, sem að framan um getur.

Um 12. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 1. málsgr. 6. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur.

Um 13. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 4. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur. Þó þótti rétt að setja ákvæði um, að eigi mætti færa lögskipaðar bækur með blýanti, aðrar en frumbækur, og eigi mætti rífa eða á annan hátt losa blöð úr bundinni lögskipaðri bók.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar kemur í stað ákvæða 3. gr. núgildandi laga um að halda bréfabók.

Um 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sett með það fyrir augum, að fyrir gæti komið, að nauðsyn bæri til, að upplýsingar væru fyrir hendi um rekstur hlutaðeiganda yfir langan tíma. Fyrirmælið er að mestu samhljóða ákvæðum sænsku laganna um þetta efni.

Um 16. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 10. gr. núgildandi laga um verzlunarbækur.

Um 17. gr.

Nauðsynlegt þótti að hafa skýr fyrirmæli um tilhlutunarrétt lögreglustjóra um eftirlit með lögunum.

Um 18.—20. gr.

Þar sem brot gegn lögum þessum geta verið mjög misjafnlega refsiverð, þykir nauðsynlegt, að dómarrinn sé eigi mjög bundinn í vali viðurlaga og geti fremur ákveðið hegningu eftir því, sem málefni standa til í hverju einstöku dæmi.

Um 21.—24. gr.

Þarfnast eigi skýringar.

Fylgiskjal I.

A F R I T.

Verzlunarráð Íslands.

Reykjavík, 19. febr. 1930.

Verzlunarráðið hefir athugað frumvarp að lögum um bókhald, er dómsmálaráðuneytið hefir sent því til umsagnar, og er það samþykkt frumvarpinu í öllum aðalatriðum. Þó vill Verzlunarráðið benda á, að undir 2. lið annarar greinar virðist vera rétt að nefna kaupfélög og pöntunarfélög sem bókhaldsskyld.

Að því er snertir ákvæði 9. greinar um reikningsskil og reikningslok, álitur Verzlunarráðið réttast að miða við ákvæði skattalaganna.

Með skirskotun til 15. greinar, telur Verzlunarráðið hæfilegt að miða geymslutíma á fyrirskipuðum bókum og öðrum gögnum við fyrningartíma skulda samkvæmt fyrningarlögum.

Þá leyfir Verzlunarráðið sér ennfremur að benda á það, að vegna þeirrar sérstöðu og sérstöku laga, sem Samvinnufélögin hafa innan verzlunarstéttarinnar, virðist sem tilgangur þessara bókhaldslaga ætti meðal annars að vera sá, að skylda Samvinnufélögin til þess að haga bókhaldi sínu þannig, að glögglega sjáist af því, hvern hag þau hafa af viðskiptum við utanfélagsmenn, þar sem skattur félaganna miðast að miklu leyti við þann hagnað. Mælir Verzlunarráðið eindregið með því, að bót verði ráðin á þessu.

Í öðru lagi veldur það miklum vandkvæðum innan verzlunarstéttarinnar, að alltitt er, að kaupfélög, samvinnufélög og jafnvel kaupmenn veiti vörum (afurðum) manna móttöku án ákveðins verðs, og liða oft margir mánuðir þar til vöruseljendur fá vitneskju um, hvaða verði vörur þeirra verða endanlega borgaðar. Vegna þessarar óvissu komast menn oft í skuldir, er þeir annars kynnu að komast hjá, ef þeir á hvaða tíma sem er gætu vitað, hvað reikningum og fjárhag þeirra liður. Þætti Verzlunarráðinu æskilegt, ef hægt væri í sambandi við frumvarp þetta að finna einhverjar leiðir til að stemma stigu fyrir slíku verzlunarfyrirkomulagi.

Viðingarfyllst.

Verzlunarráð Íslands
(Sign.)

Garðar Gíslason.

Sig. Guðmundsson.

Til
Dómsmálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Um athugasemdir Verzlunarráðs Íslands.

1. Athugasemdin verið tekin til greina og hefir 2. gr. verið breytt í samræmi við hana.
2. Ákvæði 9. gr. eru í samræmi við skattalögin.
3. Af ástæðum, sem um getur í greinargerð fyrir 15. gr. frumvarpsins, þykir rétt, að geymslutíminn sé eigi styttri en 10 ár.
4. Ákvæði um þetta efni virðist óþarfi að taka upp í frumvarpið, með því að það er í 9. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921.
5. Í 5. gr. frumvarpsins er það tekið fram, að verð úttekinnar og innlagðrar vöru skuli fært í frumbók um leið og viðskiptin fara fram. Jafnframt skal það tekið fram, að sé tilfært verð á vörum, sem teknar eru til umboðssölu, hlýtur það ætíð að vera áætlunarverð. Þetta á við um þær innlendar afurðir, sem kaupfélögin selja fyrir félagsmenn sína.